



ERINDISBRÉF

Umhverfisnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Stjórnskipuleg staða

Umhverfisnefnd heyrir beint undir Bæjarstjórn Hornafjarðar. Starfsmaður nefndarinnar er framkvæmda- og umhverfisstjóri sveitarfélagsins.

Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild

Í umhverfisnefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af bæjarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum *sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011*. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um kosningu skal sá sem tilnefndi viðkomandi aðalman einnig tilnefna varamann hans, nema öðruvísi hafi verið ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörtímabil umhverfisnefndar er hið sama og bæjarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri og starfsmaður nefndarinnar, rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana bæjarins er skylt að sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað.

Hlutverk og verk svið

Meginhlutverk umhverfisnefndar er að móta stefnu umhverfis- og náttúruverndarmála. Nefndin fer jafnframt með lögbundið hlutverk umhverfisnefndar. Meðal verkefna nefndarinnar er:

- ◆ Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi á verk sviði nefndarinnar
- ◆ Að fylgjast með framkvæmd náttúruverndarlaga og annarra laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar
- ◆ Að gera tillögur að verkefnum í tengslum við fjárhagsáætlunargerð til bæjarráðs
- ◆ Að vinna að og framfylgja umhverfisstefnu sveitarfélagsins
- ◆ Að vinna að og framfylgja framkvæmdaáætlun í umhverfis málum
- ◆ Að annast störf náttúruverndarnefndar og stuðla að náttúruvernd og fræðslu um náttúruferir
- ◆ Að stuðla að góðri umgengni í sveitarfélaginu t.d. með árlegum hreinsunardegi
- ◆ Að vera leiðandi afl í landgræðslu í sveitarfélaginu.
- ◆ Að fara með úrgangs- og endurvinnslumál sveitarfélagsins og hvetja íbúa og fyrirtæki til endurvinnslu



- ◆ Að standa fyrir fræðslu og kynningu um lausnir í úrgangs- og endurvinnslumálum
- ◆ Að hafa umsjón með starfsemi vinnuskóla og skólagarða í samráði við fræðslu- og tómstundanefnd
- ◆ Að gera tillögur til bæjarstjórnar um gjaldtöku vegna gjaldskyldrar starfsemi sem heyrir undir verksvið nefndarinnar
- ◆ Að leggja fram tillögur um nöfn opinna svæða og heiti nýrra gatna, torga og bæjarhluta
- ◆ Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi sem tengjast samgöngumálum
- ◆ Að vinna að bættu skipulagi umferðamála
- ◆ Að fjalla um og kynna stefnumótun opinberra aðila í samgöngumálum
- ◆ Að fylgjast með og fjalla um landbrot og ástand strandlengjunnar í sveitarfélaginu og öðrum breytingum á náttúrufari sveitarfélagsins og afréttarsvæða
- ◆ Að leggja mat á umhverfisáhrif af völdum mannvirkjagerðar, mengunar, landnýtingar og efnistöku í sveitarfélaginu þar sem löggjöf kveður á um mat á umhverfisáhrifum
- ◆ Að hafa umsjón með skipulagi opinna svæða og lóða sveitarfélagsins
- ◆ Að fara með hlutverk stjórnar fólkvangs í Óslandi
- ◆ Að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur henni

Starfshættir

Um starfshætti undirnefnda Bæjarstjórnar Hornafjarðar er fjallað í VI. kafla í *Samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*. Nefndin kemur saman á fastákveðnum fundartíma einu sinni í mánuði og stýrir formaður fundi. Skal gerð samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi að fenginni tillögu bæjarstjóra. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmanna óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að sumarlagi og á öðrum tímum að mati formanns. Nefndin getur auglýst einstaka fundi sína opna, en annars verður stjórnin að samþykka viðveru hvers þess sem ekki á seturétt á fundinum.

Þá getur nefndin staðið fyrir kynningarfundum vegna starfa sinna eða þeirra verkefna sem til umfjöllunar eru, og skulu slíkir fundir öllum opnir.

Starfsmaður nefndarinnar sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir nefndina. Hann útbýr í samráði við formann rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og -tími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum, varamönnum og öðrum sem seturétt eiga á fundum nefndarinnar.

Starfsmaður kemur undirritaðri fundargerð til starfsmanna stjórnsýslu sem sjá um að fundargerð sé lögð fram með dagskrá næsta fundar í Bæjarráði sveitarfélagsins..

Ályktanir til bæjarstjórnar og bæjarráðs skulu ætíð sendar bæjarstjóra í sérstöku erindi.

Nefndarmenn skulu fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.



Eftirfylgni

Umhverfisnefnd og starfsmaður hennar og , hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi málefni umhverfis og náttúruverndarmála. Formaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki eru alfarið á verksviði nefndarinnar að framfylgja.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði *Sveitarstjórnarlaga* og *Samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar.

Þá skal nefndin fylgja *Samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Samþykkt í bæjarstjórn þann 9. mars 2015

Björn Ingi Jónsson
Bæjarstjóri